

Mál nr. 53/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B

Árekstur á gatnamótum Suðurbólum og Eyrarvegur Árborg 22.01. 2010.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 08.03. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 08.03. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Stöðvunarskylda er á gatnamótunum af Suðurbólum inná Eyrarveg. B var ekið suður Eyrarveg og beygt til vinstri austur Suðurbólum, bifreiðinni A var ekið Suðurbólum til vesturs og beygt til vinstri suður Eyrarveg. Ökumaður A kveðst hafa verið kyrrstæður við áreksturinn sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum fyrir að taka þrönga vinstri beygju og lent framan á A.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist hvorugur ökumanna hafa sýnt nægjanlega aðgæslu. Rétt þykir að skipta sök til helminga. Ökumaður B tók of þrönga vinstri beygju og ökumaður A staðsetti bifreið sína of framarlega á gatnamótunum. Ósannað er að A hafi verið kyrrstæður það lengi að unnt sé að láta halla á ökumann B.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 23. mars 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Sigurður Ó. Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.